



Reykjavík 23.11.2017

Borgarráð Reykjavíkur

Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs frá 22. nóvember 2017 varðandi eftirfarandi mál.

Smiðjustígur 10 og Klapparstígur 16

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Davíðs Pitt, dags. 14. mars 2017, um breytingu á deiliskipulagi reits 1.151.5 vegna lóða nr. 10 við Smiðjustíg og 16 við Klapparstíg skv. upprætti, dags. 20. febrúar 2017. Í breytingunni felst að rífa eldri byggingu að Smiðjustíg 10 og byggja nýtt íbúðarhús með vinnustofum og íbúðum, minnka byggingarreit á suðvesturhluta lóðar við Danska sendiráðið en viðbótar byggingarreitur bætist við austast á lóð, stækka byggingarreit á lóð Klapparstíg 16 til suðurs og flytja samþykkt viðbótabyggingarmagn á lóð Smiðjustíg 10 yfir á lóðina að Klapparstíg 16. Einnig er lögð fram greinargerð hönnuðar, dags. 10. mars 2017, ásamt álit Minjastofnunar Íslands, dags. 31. ágúst 2016. Tillagan var auglýst frá 27. september 2017 til og með 8. nóvember 2017. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Sigríður Haraldsdóttir, dags. 6. nóvember 2017.

Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 17. nóvember 2017.

Samþykkt með þeim breytingum sem fram koma í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 17. nóvember 2017.

Vísað til borgarráðs.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Erna Hrönn Geirsdóttir

Fylgiskjöl: uppráttur Davíðs Pitt, dags. 20. febrúar 2017, greinargerð hönnuðar, dags. 10. mars 2017, álit Minjastofnunar Íslands, dags. 31. ágúst 2016. innsendar athugasemdir og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 17. nóvember 2017.

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar

Borgartún 12-14, 105 Reykjavík

Dags. 10. mars 2017

Erindi: Breyting á deiliskipulagi við Smiðjustígur 10 og Klapparstíg 16, reitur 1.151.5

Óskað er eftir breytingu á núverandi deiliskipulagi á reit Reit 1.151.5. Húsbyggingar og lóðir við Smiðjustíg 10 og Klapparstíg 16 á reitnum eru eigu sama aðila sem óskar nú eftir að byggingarreitur minnki á lóð Smiðjustígur 10 og stækki á lóð Klapparstígur 16. Hluti af samþykktu byggingarmagni á lóð Smiðjustígur 10 flyst yfir á lóð Klapparstígur 16. Jafnframt er óskað eftir leyfi að húsbygging á lóð Smiðjustígur 10 verði rifin.

Sjá meðfylgjandi deiliskipulagsuppdrátt, bréf Minjastofnunar og umsögn Skipulagsfulltrúa.

Eigandi:

Silfurberg ehf
Kt 600902-3180
Klapparstígur 16
101 Reykjavík

Virðingarfyllst

Davíð Kr. Pitt arkitekt faí

GSM 896 2490

Tvíeyki ehf.
Davíð Pitt arkitekt faí
Skildinganesi 11
101 Reykjavík



Minjastofnun
Íslands

Reykjavík, 31. ágúst 2016
Tilvísun: 4690 / 201608-0071

Smiðjustígur 10, niðurrif bakhúss og bygging nýs húss af sambærilegri stærð.

Í tölvupósti 15. ágúst 2016 leitar Davíð Pitt arkitekt eftir áliti Minjastofnunar Íslands vegna breytinga á bakhúsi við Smiðjustíg 10, Reykjavík. Með erindinu fylgja eldri teikningar af húsinu og tillaga að nýbyggingu af sambærilegri stærð sem koma á í þess stað.

Smiðjustígur 10 er einlyft steinsteypuhús með og hálfniðurgröfnum kjallara. Það er talið byggt árið 1920 sem íbúðar- og hesthús. Árið 1940 var húsinu breytt í vinnustofu og skrifstofu. Ber útlit hússins svip þeirrar breytingar. Sk. Fasteignaskrá er byggingarárið 1946. Í húsakönnun Minjasafns Reykjavíkur nr. 121 er húsið talið hafa takmarkað umhverfisgildi og er ekki gerð tillaga um varðveislu þess. Eigendum húsa sem byggð voru 1925 eða fyrr sem hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa er skylt að leita álits Minjastofnunar Íslands, sbr. 1. mgr. 30. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.


Óskað er eftir að rífa eldri byggingu á Smiðjustíg 10 og byggja nýtt íbúðarhús með vinnustofum og íbúðum. Hæð nýbyggingarinnar verður óbreytt og grunnflötur stækkar um 30 m². Fulltrúi Minjastofnunar skoðaði húsið þann 30.8. 2016. Ástand þess er metið slæmt, t.d. er þak að hruni komið. Fátt í húsinu vitnar um upphaflega gerð þess. Fyrirhuguð nýbygging er af svipaðri stærð og gerð og mun hún ekki hafa sýnileg áhrif á eldri byggð við Smiðjustíg.

Minjastofnun Íslands gerir ekki athugasemd við erindið. Við framkvæmdir í eldri hverfum ber að huga sérstaklega að fornleifum í jörðu við allt jarðrask. Komi í ljós fornminjar undir yfirborði jarðar í tengslum við framkvæmdir skal stöðva verkið og skýra Minjastofnun frá fundinum svo fljótt sem unnt er, sbr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Virðingarfyllst,
F.h. Minjastofnunar Íslands,


Guðný Gerður Gunnarsdóttir

Minjavörður Reykjavíkur og nágrennis


Pétur H. Ármannsson

sviðsstjóri umhverfis og skipulags

Afrit í tölvupósti :

Davíð K. Pitt (dkpitt@simnet.is)

Borgarsögusafn Reykjavíkur (minjavarsla@reykjavik.is)

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur (skipulag@reykjavik.is)

Byggingarfulltrúinn í Reykjavík (byggingarfulltrui@reykjavik.is)

Ákvarðanir Minjastofnunar Íslands sem byggja á lögum um menningarminjar nr. 80/2012, gr. 29., 30., 31., 32., 33., 34. og 35. eru kærarlegar til æðra stjórnvalds, þ.e. forsætisráðuneytis. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

USK Skipulag

Frá: Sigríður Haraldsdóttir <sigridur.haraldsdottir@gmail.com>
Sent: 6. nóvember 2017 17:27
Til: USK Skipulag
Efni: Athugasemdir vegna breytinga á deiliskipulagi

Hér að neðan eru athugasemdir vegna tillögu að breytingu á deiliskipulagi reits 1.151.5 vegna lóða nr. 10 við Smiðjustíg og 16 við Klapparstíg.

Í tillögunni að breytingu er gert ráð fyrir talsvert meira byggingarmagni fyrir framan húsið nr. 16 við Klapparstíg. Þar er gert ráð fyrir byggingu sem verði í sömu hæð og 1. hæð hússins nr. 16. Þetta þýðir dálitla hækkun frá því sem nú er auk aukins byggingarmagns. Þessi viðbót mun verða beint fyrir framan íbúðir á Lindargötu 14 og mun skerða útsýni frá því sem nú er a.m.k. á 2. hæð.

Ég geri sérstaklega athugasemdir við heimild til þaksvala ofan á þessari viðbót framan við Klapparstíg 16. Nú er rekið listagallerí í húsinu með tilheyrandi samkvæmum og næsta víst að svalirnar verða vettvangur samkvæma. Nálægð húsa er slík að fólk af svölum mun horfa beint inn í íbúðir í húsinu við Lindargötu 14. Þá er ljóst að þaksvalir munu þurfa einhvers konar grindverk og það þýðir í raun enn meiri skerðingu á útsýni á öllum hæðum. Ég er því alfarið á móti því að leyfa þaksvalir.

Þó að ekki sé óskað eftir viðbótarbyggingarmagni frá fyrra skipulagi þá er stærri hluti af byggingarmagni sett þar sem húsin standa mjög þétt. Það bæði skerðir útsýni og möguleika íbúa við Lindargötu 14 til einkalífs.

Sigríður Haraldsdóttir,
kt. 091261-6509
Lindargötu 14

Varðar: Smiðjustígur 10 og Klapparstígur 16


Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju [umsókn Davíðs Pitt, dags. 14. mars 2017](#), um breytingu á deiliskipulagi reits 1.151.5 vegna lóða nr. 10 við Smiðjustíg og 16 við Klapparstíg skv. [upprætti, dags. 20. febrúar 2017](#). Í breytingunni felst að rífa eldri byggingu að Smiðjustíg 10 og byggja nýtt íbúðarhús með vinnustofum og íbúðum, minnka byggingarreit á suðvesturhluta lóðar við Danska sendiráðið en viðbótar byggingarreitur bætist við austast á lóð, stækka byggingarreit á lóð Klapparstíg 16 til suðurs og flytja samþykkt viðbótabyggingarmagn á lóð Smiðjustíg 10 yfir á lóðina að Klapparstíg 16. Einnig er lögð fram [greinargerð hönnuðar, dags. 10. mars 2017, ásamt álit Minjastofnunar Íslands, dags. 31. ágúst 2016](#). Tillagan var auglýst frá 27. september 2017 til og með 8. nóvember 2017.

Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Sigríður Haraldsdóttir, dags. 6. nóvember 2017.

Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 10. nóvember 2017 og er nú lagt fram að nýju.

Skipulag:

Í gildi er deiliskipulag fyrir reit 1.151.5 – samþykkt í borgarráði 17.11.2005



Deiliskipulag í gildi



mynd af Smiðjustíg 10

athugasemd:

- inntak athugasemdarinnar;
Gerir athugasemd við hækkun hússins, sem mun leiða til skerts útsýnis. Þá er gerð athugasemd við þaksvalir ofan á viðbyggingunni - mikil nálægð og handrið mun auka enn á útsýnisskerðinguna. Er alfarið á móti því þaksvölunum. Þó svo að ekki sé verið að óska eftir viðbótarbyggingarmagni – þá er verið að flytja byggingarmagnið þangað á reitnum sem nú þegar er þéttbygður.

Hér að neðan eru athugasemdir vegna tillögu að breytingu á deiliskipulagi reits 1.151.5 vegna lóða nr. 10 við Smiðjustíg og 16 við Klapparstíg.

Í tillögunni að breytingu er gert ráð fyrir talsvert meira byggingarmagni fyrir framan húsið nr. 16 við Klapparstíg. Þar er gert ráð fyrir byggingu sem verði í sömu hæð og 1. hæð hússins nr. 16. Þetta þýðir dálitla hækkun frá því sem nú er auk aukins byggingarmagns. Þessi viðbót mun verða beint fyrir framan íbúðir á Lindargötu 14 og mun skerða útsýni frá því sem nú er a.m.k. á 2. hæð.

Ég geri sérstaklega athugasemdir við heimild til þaksvala ofan á þessari viðbót framan við Klapparstíg 16. Nú er rekið listagallerí í húsinu með tilheyrandi samkvæmum og næsta víst að svalirnar verða vettvangur samkvæma. Nálægð húsa er slík að fólk af svölum mun horfa beint inn í íbúðir í húsinu við Lindargötu 14. Þá er ljóst að þaksvalir munu þurfa einhvers konar grindverk og það þýðir í raun enn meiri skerðingu á útsýni á öllum hæðum. Ég er því alfarið á móti því að leyfa þaksvalir.

Þó að ekki sé óskað eftir viðbótarbyggingarmagni frá fyrra skipulagi þá er stærri hluti af byggingarmagni sett þar sem húsin standa mjög þétt. Það bæði skerðir útsýni og möguleika íbúa við Lindargötu 14 til einkalífs.

Sigríður Haraldsdóttir,
kt. 091261-6509
Lindargötu 14



svar:



Hér getur að líta á hvert byggingarmagnið er flutt innan reitarins. Ekki er verið að auka á það byggingarmagn sem nú þegar var ráðgert fyrir framan Lindargötu 14. Þá er ekki frekari útsýnisskerðing en sú sem áður var til staðar í þegar samþykktu deiliskipulagi.

Hinsvegar er það svo að nýting á þakfleti er óhefðbundin og getur eftir atvikum haft veruleg áhrif á nýtingarmöguleika nágrannalóða. Því er lagt til að fallið verði frá þaksvölum á viðbyggingu sem snýr að Lindargötu og einungs leyfðar þakvalir við Klapparstíg 16.

sjá skýringarmynd



Niðurstaða

Fallið verður frá heimild um þakvalir á viðbyggingu sem snýr að Lindargötu, þær leyfðar við viðbyggingu sem snýr að Klapparstíg – að öðru leyti er uppdrátturinn samþykktur.


f.h.

Skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Borghildur Sturludóttir arkitekt, verkefnastjóri

Vakin er athygli á Gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1111/2014 vegna kostnaðar við skipulagsvinnu o.fl.

REITUR 1.151.5 Breyting á deiliskipulagi við Smiðjustig 10 og Klapparstíg 16



GREINARGERÐ:

M1c. Blönduð miðborgarbyggð, íbúðarbyggð Á svæðinu er lögð áhersla á að vernda og styrkja íbúðarbyggð og hverfisanda en um leið að efla verslunar- atvinnu- og þjónustustarfsemi sem fellur að íbúðarbyggð. Hlutfall íbúðarhúsnæðis skal vera að lágmarki 40% landnotkunar á svæðinu. Íbúðir skulu almennt vera til hellsársbúsetu, Heimildir um íbúðarhúsnæði sem sérstaklega er ætlað til útteilu til ferðamanna, skal skilgreina í deiliskipulagi. Ef íbúðir eru í sama húsnæði og atvinnustarfsemi skal íbúðarhúsnæðið ávallt vera á efri hæðum. Á svæðinu gilda takmarkaðar veitingaheimildir miðasvæða, en á götoreitum þar sem íbúðarbyggð er yfir 90% landnotkunar (miðað við bruttógólfrit samkvæmt fasteignaskrá) takmarkast heimildir við flokk I og II við jarðhæðir með götuhléastýringu er verslunar- og þjónustustarfsemi opin almennig til forgangi, sjá nánar ákvæði um götuhliðar. Sjá nánar kaflann Sérstök ákvæði um starfsemi. Frekari markmið um þróun svæðisins eru sett fram í kaflanum Miðborgin í Borg fyrir fólk.

Afmörkun svæðis
Deiliskipulag nær til staðgreinirelts 1.151.5 og afmarkast af Lindargötu, Klapparstíg, Hverfisgötu og Smiðjustíg. Í gildi er deiliskipulag fyrir reitinn dags. 17.11.2005. Breytingartillagan nær til Smiðjustigs 10 og Klapparstigs 16.

Lýsing svæðis
Hús á reitnum eru misgömul, það elsta frá 1905 og þau yngsta frá 2000. Norðvesturhluti reitsins er mjög þétt byggður en á suðurhluta eru talsverðir uppbyggjarmöguleikar. Götumynd neðanverðs Smiðjustigs nýtur verndar og einnig er húsið að Hverfisgötu 35 hluti af verndaðri götumynd.

Klapparstígur 16 er steinhús, 3 hæðir, kjallari og ris, byggt 1942, teiknað af Einari Eftendssyni arkitekt. Einnig eru þeir steyptir bílskúrar á baklæð.

Smiðjustígur 10 er steinhús, hæð og kjallari, byggt 1920, teiknað af H. Helgasynti.

Samkvæmt gildandi deiliskipulag fyrir reitinn frá 17.11.2005 er heimilt á lóðunum Klapparstigs 16 og Smiðjustig 10:

Klapparstígur 16: Leyflegt er að setja kvisti á þakhæð húss sem nemur að hámarki 2/3 af húshlíðum í austur- og vesturátt. Hver einstakur kvistur skal ekki vera breiðari en 1/3 húshlíðar. Leyft er að rífa og endurbyggja núverandi bílskúra á baklæð, þak skuli ekki vera hærra en á núverandi húsum. Heimilt er að hafa kjallara undir húsum. Heimilt er að tengja húsið við Smiðjustíg 10, sjá nánar að neðan.

Smiðjustígur 10: Heimilt er að tengja saman nýbyggingu á baklæð Klapparstigs 16 og núverandi steinhús með einnar hæðar byggingu og kjallara. Hæð tengibyggingar skal ekki vera meiri en 3,0 m. Heimilt er að byggja nýja byggingu við lóðarmörk að Hverfisgötu 29 með bindandi byggingarlínu inndregna við Smiðjustíg. Kjallari má ná út að lóðarmörkum á Smiðjustíg. Byggingin má vera 2 hæðir og kjallari og skal ekki vera hærra en 4,8 m við lóðarmörk Hverfisgötu 29 en má fara í 6,0 m þar sem hún er hæst. Uppgefnir kótar miðast við lóðarmörk að Smiðjustíg 12. Heimilt er að byggja byggingu, eina hæð á stuttum yfir bilastæðum við lóðarmörk að Hverfisgötu 29. Byggingin skal ekki vera hærra en 4,8 m við lóðarmörk Hverfisgötu 29 en má fara í 6,0 m þar sem hún er hæst. Hæðarbyggingarmagn eftir stækkun er 615,0m2 og nýtingarhlutfall er 0,77. Kvæð er á lóðinni um innkeyrstu að Klapparstíg 16. Sú hlíð fyrirhugaðrar nýbyggingar á lóðarmörkum Smiðjustigs 10 og danska sendiráðsins að Hverfisgötu 29, sem snýr að lóð danska sendiráðsins, skal frágengin á sama mæta og útvægir húss danska sendiráðsins, f.l.e. sléttussuð og hvítmáluð. Gott viðhald skal vera á umræddri hlíð á öllum tímum. Þera skal teikningar vegna nýbygginga á lóðarmörkum Smiðjustigs 10 og Hverfisgötu 29 undir danska sendiráði til samþykktar áður en sotti er um byggingarleyfi til borgarinnvalda.

Breyting á samþykkt deiliskipulag frá 05.12.2005

Smiðjustígur 10: Heimilt er að rífa steinhúsið við Smiðjustíg 10 og byggja þar nýtt hús að sömu stærð og hæð við lóðarmörk og núverandi hús og deiliskipulag heimilari. Í hinu nýja húsi verða minni íbúðir, vinnustofur og aðstaða fyrir listamenn. Byggingarreitur á suðurhluta lóðar við Danska sendiráðið minnkar en heldur sér næst Smiðjustíg. Viðbótar byggingarreitur bættist við austast á lóð, ein hæð og kjallari einsoð núverandi steinhús. Heimilt er að sleppa að hafa kjallara og eina hæð og hafa þess í stað eina hæð með meiri lofthæð í rými en aldrei hærra en núverandi steinhús. Núverandi samþykkt viðbótarbyggingarmagn á lóð minnkar um 165 m2 og flytjast þeir byggingarfermetrar á lóð Klapparstígur 16. Aðrir skilmálar frá eldra samþykktu deiliskipulagi dagsett 17.11.2005 haldast óbreyttir.

Klapparstígur 16: Lagt er til að stækkun inná lóð núverandi byggingarrelts um 100 m2 til suðurs verði annarsvegar ein hæð og kjallari og hinsvegar ein hæð næst Klapparstíg 16. Núverandi samþykkt byggingarmagn á reit eykst um allt að 165 m2. Hæðarkóti 1, hæðar byggingarreltsstækkunar til suðurs er í sömu hæð og 1. hæð aðalhús Klapparstigs 16. Í hinu nýju viðbyggingu verður vinnustofa listamanna, nýtt bakandeyri inná jarðhæð aðalhúss (gólfkóti: 1,65) og geymslur. Heimilt er að sleppa að hafa kjallara og eina hæð og hafa þess í stað eina hæð með meiri lofthæð í rými en aldrei hærra en 1. hæð aðalhús Klapparstigs 16. Heimilt er að hafa þakvalir á þessum hluta viðbyggingar að hluta að sunnanverðu. Samkvæmt núgildandi deiliskipulagi vörð fyrir miðstöð bæti inn bilastæðum á lóðinni sem var alla tíð vinnusvæði Glenslipunar og Speglargerðar ehf sem var í húsinu í tugli ára en í seinni tíð var svo helldisala í húsinu með lager og var þá svæðið notað fyrir gáma og aðkomu sendibíla. Bilastæði fyrir Klapparstíg 16 hafa allatíð fengist leið frá lóð Smiðjustigs 10.


Leyflegt er að skorsteinar, líftustokkar og þakgluggar risi upp úr hámarkshæð nýbygginga.

Að öðru leyti gilda skilmálar frá eldra samþykktu deiliskipulagi.



SKILMÁLAR:

NÚVERANDI SAMÞYKKT DEILISKIPULAG					TILLAGA AÐ BREYTINGU Á DEILISKIPULAGI				
Staðgr.	heiti	löö m2	bygg.m.	N:	löö m2	bygg.m.	max N:	athugasemdir	
1151505	Klapparstígur 16	454,0	1052,5	2,31	454,0	1217,5	2,68	Breytt, nýbygg, heimil skv. deiliskipulagss. Stækkun á byggingarreit og byggingarmagn.	
1151510	Smiðjustígur 10	803,0	615,0	0,77	803,0	450,0	0,56	Breytt, nýbygg, og viðb. leyfó skv. deiliskipulagsskilmálum minnku á byggingarmagn	

BYGGINGARMAGN NÚ: 7.676 m2
BYGGINGARMAGN SKV.
TILLÖGU: 7.676 m2



GÖTUMYNDIR/SNEIÐINGAR 1:500



STADSETNING REITS 1.151.5

SKÝRINGAR:

- AFMÖRKUN BREYTINGAR
- AFMÖRKUN DEILISKIPULAGSREITS
- AFMÖRKUN MIÐBORGARINNAR
- NÚVERANDI BYGGINGAR
- BYGGINGARREITUR HÁMARK
- HEIMILD TIL NIÐURRIFIS
- BINDANDI BYGGINGARLÍNA
- NÚVERANDI KJALLARI
- HEIMILD FYRIR SVALIR
- MEGIN MENNISTEFNA
- LÖÐARMÖRK
- HÆÐIR / KJALLARI / NYTANLEGT RIS
- FJÖLDI BILASTÆDA Á LÖÐ
- FJÖLDI BILASTÆDA Í BILGEYMSLU
- VERNDUN GÖTUMYNDIA
- VERNDUN 20. ALDAR BYGGINGA
- BYGGINGAR REISTAR FYRIR 1918
- ÞAKKÓTI (HÁMARKS HÆÐ BYGGINGAR)
- GÖTUKÓTI (ÞAKKÓTI REIKNAST FRÁ UPPGEFNUM GÖTUKÓTA)
- HÚSNÚMER
- KVÖÐ UM UMFERÐ
- INNKEYRSLA Á BILASTÆÐISHÚS / KJALLARA

23.11.2017 - Þaksvallir minnkaðar og staðsetning skilgreind eftir athugasemdir.

Nánari skilmálar, markmið og forsendur deiliskipulagsins koma fram í heftinu "Miðborgarsvæði Reykjavíkur. Greinagerð og deiliskipulagsskilmálar fyrir staðgreinireit 1.151.5."

SAMÞYKKTIR:

DEILISKIPULAGSBREYTING HESSI SEM FENGID HEFUR MEÐFERÐ Í SAMRÆMI VÍÐ AKVÆÐI 1. MGR. 43 GR. SKIPULAGSLAGA NR. 123/2010 VÁR SAMÞYKKT Í _____

PANN _____ 20 ____ OG Í _____

PANN _____ 20 ____

TILLAGAN VÁR AUGLÝST FRÁ _____ 20 ____ MÍÐ ATHUGASEMDAFRESTI TIL _____ 20 ____

AUGLÝSINGIN UM GILDISTÖKU BREYTINGARINNAR VÁR BIRT Í B-DEILD STJÓRNARTÍÐINDA PANN _____ 20 ____

Davíð Kr. Pitt
arkitekt fái

Hverfisgata 56
Reykjavík
IS-101
Iceland

HANNAÐ: DKP
TEIKNAD: DKP

simi
email

+354) 896 2490
dkpitt@simnet.is

BR: 21.11.2017-afm. svara

001

REYKJAVÍKURBORG
SKIPULAGS- OG BYGGINGARSVIÐ
Borgartúni 3, 105 Reykjavík, s. 563-2340, fax 562-3219